

**602. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 22. nóvember 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 602 lögmætan.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Fjárhagsáætlun 2023-2026 lögð fram til fyrri umræðu í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 og ákvörðun tekin um útsvarshlutvall ársins 2023 í samræmi við 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Jafnframt lagt fram erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 18.11.2022 varðandi kostnaðarhlut sveitarfélaga vegna vinnu við svæðisskipulag Vestfjarða.

Samþykkt samhljóða að álagningarhlutfall útsvars árið 2023 verði óbreytt, eða 14,52%.

Erindi varðandi kostnaðarhlutdeild vegna svæðisskipulags er vísað til afgreiðslu við síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun 2023-2026 er vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn sem fer fram 13.12.2022.

2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Viðauki við fjárhagsáætlun 2022 vegna samrekstrareininga.

Afgreiðslu frestað til fundar sveitarstjórnar sem fer fram 13.12.2022.

3. Óformlegar sameiningarviðræður - 2211580

Samningur við KMPG vegna ráðgjafar í tengslum við óformlegar sameiningarviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar lagður fram til staðfestingar.

Jafnframt skipaðir þrír fulltrúa úr sveitarstjórn í verkefnastjórn vegna viðræðnanna.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir fyrir sitt leyti samning við KMPG vegna ráðgjafar í tengslum við óformlegar sameiningarviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Samþykkt samhljóða að Jenný Lára Magnadóttir, Jóhann Örn Hreiðarsson og Lilja Magnúsdóttir verði fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í verkefnastjórn vegna óformlegra viðræðna um sameiningu. Jón Ingi Jónsson verður varafulltrúi í verkefnastjórninni

4. Tilnefning í vatnasvæðanefnd - 2211528

Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 01.11.2022 þar sem óskað er eftir tilnefningu í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

5. Styrkbeiðni frá UMFT - 2211551

Erindi frá Ungmennafélagi Tálknafjarðar dags. 08.11.2022 þar sem óskað er eftir styrk til starfsemi félagsins. Erindinu fylgir ársreikningur félagsins fyrir árið 2021.

Guðlaugur Jónsson vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi vegna venslatengsla við málsaðila. Ekki bárust viðbrögð við fundarboði frá varamanni og því tók enginn sæti Guðlaugs á fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrkveitingu að upphæð kr. 300.000,- til UMFT, enda er það í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

Jafnframt felur sveitarstjórn íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd að taka upp viðræður við UMFT um samstarfssamning.

6. Styrkbeiðni vegna fasteignagjalda - 2211534

Erindi frá Björgunarsveitinni Tálkna varðandi styrkbeiðni vegna fasteignagjalda ársins 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrk til Björgunarsveitarinnar Tálkna vegna fasteignagjalda ársins 2022 af húseign félagsins að Strandgötu 42b.

7. Samstarfssamningur við Tálkna - 2211535

Erindi frá Björgunarsveitinni Tálkna þar sem óskað er eftir viðræðum við Tálknafjarðarhrepp um samstarfssamning.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka upp viðræður við Björgunarsveitina Tálkna um samstarfssamning. Sveitarstjóra er falið að halda utan um þær viðræður og leggja samning fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

8. Mötuneyti Tálknafjarðarskóla - 2205195

Greinargerð starfshóps vegna mötuneytismála Tálknafjarðarhrepps árið 2022 lögð fram ásamt kostnaðargreiningu og fundargerðum starfshópsins.

Jenný Lára Magnadóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi. Ekki bárust viðbrögð við fundarboði frá varamanni og því tók enginn sæti Jennýjar á fundinum.

*Erindinu er vísað til vinnu við fjárhagsáætlun.
Sveitarstjórn þakkar starfshópnum góða vinnu.*

9. Kjarasamningsumboð - 2211590

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 18.11.2022 þar óskað er eftir kjarasamningsumboð sveitarfélaga til sambandsins verði uppfærð ásamt samkomulagi um sameiginlega ábyrgð til samræmis við kröfur persónuupplýsingalaga.

*Sveitarstjórn staðfestir samhljóða áframhaldandi framsal kjarasamningsumboðs Tálknafjarðarhrepps til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Sveitarstjóra er falið að rita undir samkomulag um sameiginlega ábyrgð til samræmis við kröfur persónuverndarlaga.*

10. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Mál frá 5. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.11.2022 þar sem nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillaga um aðalskipulagsbreytingu í Norður-Botni verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í samræmi við tillögu skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps samþykkir sveitarstjórn samhljóða aðalskipulagsbreytingu í Norður-Botni skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

11. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Mál frá 5. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.11.2022 þar sem nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Norður-Botni verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í samræmi við tillögu skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps samþykkir sveitarstjórn samhljóða deiliskipulagsbreytingu í Norður-Botni skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

12. Skipulagsnefnd - 5 - 2211002F

Fundargerð 5. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.11.2022.

Fundargerðin er staðfest.

- 12.1 1902411 - Aðalskipulagsbreyting Norður-Botn
- 12.2 1902432 - Deiliskipulagsbreyting, Norður-Botn
- 12.3 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

13. Fræðslunefnd - 5 - 2211003F

Fundargerð 5. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.11.2022.

Fundargerðin er staðfest.

- 13.1 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023
- 13.2 2210453 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2022
- 13.3 2210324 - Ytra mat á leikskólum árið 2023
- 13.4 2211549 - Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga

14. Útkomuspá 2022. - 2208068

Útkomuspá fyrir árið 2022.

Útkomuspá 2022 lögð fram og verður lögð að nýju uppfærð fyrir sveitarstjórn við síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

15. Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri - 2210380

Erindi frá Skipulagstofnun dags. 11.11.2022 þar sem tilkynnt er um ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar á Gileyri, Tálknafjarðarhreppi.

Fram kemur í erindinu að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Lagt fram.

16. Framlag til Náttúrustofana - 2211531

Erindi Samtaka náttúrustofa dags. 07.11.2022 til alþingismanna.

Lagt fram.

17. Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga - 2211549

Erindi frá Innviðaráðuneytinu skráð 09.11.2022 þar sem kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga er boðið til fræðslufunda um hinsegin málefni sem fara fram 30.11.2022 og 01.12.2022.

Lagt fram.

Sveitarstjórn hvetur starfsfólk Tálknafjarðarhrepps til að taka þátt í fræðslufundunum eins og aðstæður leyfa.

18. Útibú ADHD-samtakanna á Vestfjörðum. - 2211581

Erindi frá ADHD-samtökunum dags. 17.11.2022 varðandi stofnun samtakanna á útibúi á Vestfjörðum

Lagt fram.

Sveitarstjórn fagnar áformum um stofnun útibús ADHD-samtakanna á Vestfjörðum og felur sveitarstjóra að fylgjast með málinu í samstarfi við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum án fjárhagsskuldbindinga fyrir Tálknafjarðarhrepp.

19. Ársfundur Minjastofnunar Íslands 2022 - 2211589

Erindi frá Minjastofnun Íslands dags. 18.11.2022 þar sem boðið er til þátttöku á ársfundi stofnunarinnar sem fer fram 24.11.2022.

Lagt fram.

20. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

21. Samningur og fundargerð vegna Tálknafjarðarvegur 617-02 - 2111263

Fundargerðir verkfundar vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr. 18 sem fór fram 04.10.2022, nr. 19 sem fór fram 25.10.2022 og nr. 20 sem fór fram 08.11.2022.

Lagt fram.

602. fundur
30.11.2022

22. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerð 446. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 26.10.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)